

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 2. september 2015

V / Framlenging á samningi um móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs

Árið 2014 var efnt til útboðs fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá endurvinnslustöðvunum en verkefnið var fært undir verkefni Úrvinnslusjóðs um áramótin 2014/2015. Eitt tilboð barst frá Efnamóttökunni og var niðurstaðan umfram lágmarkskröfur SORPU bs.

Útboðið og þar með tilheyrandi verksamningur var til eins árs þ.e.a.s. gildir til 31. desember 2015. Verkefnið er ennþá í þróun og enn verið að þróa réttan búnað og verklag. Samningurinn er SORPU mjög hagstæður og er raf- og rafeindatækjaúrgangur af endurvinnslustöðvunum SORPU nánast að kostnaðarlausu. Ekki verður séð að nýir aðilar muni bjóða upp á þessa þjónustu við nýtt útboð og vafasamt að nýtt útboð skili einhverju betra á þessu stigi. Því er lagt til að samningur SORPU við Efnamóttökuna um móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs verði framlengdur um eitt ár eða til 31. desember 2016. Efnamóttakan hefur staðfest að fyrirtækið er tilbúið til slíkrar framlengingar.

Virðingarfyllst,

Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri